



ÍSLENSKI ALPAKLÚBBURINN

NR. 17 — SEPT. '80



Ofgráðun

Í 11. tölublaði ÍSALP voru kynntar skoskú ísklifurgráðurnar og tekin upp sú nýjung að gráða snjó og/eða ísklifurleiðir. Þar sem lítil sem engin reynsla var komin á notkun kerfis sem þess, var sú hætta fyrir hendi, að röng gráðun á leiðum gæti átt sér stað.

Nú sem komið er, er meira vitað og meiri reynsla komin á gráðukerfi þetta, og má m. a. minnast á veru Sam Crymbles hér á landi nú í vor sem leið, sem stuðlaði að aukinni þekkingu á gráðum þessum.

Komið hefur í ljós, að hluti af leiðum, sem ÍSALP hefur gráðað, eru ofgráðaðar. Hefur ritnefnd því ákveðið að birta nú leiðréttar gráður á eftirtoldum leiðum:

NV-hlíð Tindsins í Tindfjöllum, sem fellur úr III gr. niður í II gr.

Rás 1. vestan Gunnlaugsskarðs er nú I gr. í stað II gr.

„Direct“ leið í SA-hlíð Miðsúlu er nú II gr. í stað II/III gr.

Vesturgil og Norðurgil í Háusúlu eru bæði nú I gr. í stað II gr. áður.

„Prengslin“ í Syðstusúlu verður III gr. í stað III/IV gr. áður.

Erfitt er að segja um gráðuna á Kirkjunni í Öræfajökli, þar sem hún hefur aðeins einu sinni verið klifin og erfitt um að dæma. Þó er hún trúlegast á bilinu III/IV gr. – IV gr.

Snævarr Guðmundsson